

Ársfundur fagráðs í nautgripærækt 27. mars 2014

Fundargerð

Fundurinn var haldinn Hótel Sögu í Reykjavík og hófst kl. 11.10.

Af fulltrúum í fagráð og stuðningsfulltrúum voru mættir: Guðný Helga Björnsdóttir, formaður, Þórarinn Leifsson, Sigurður Loftsson, Guðbjörg Jónsdóttir, Björn S. Gunnarsson, Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir, Þorsteinn Ólafsson, Þóroddur Sveinsson og Guðmundur Jóhannesson er ritaði fundargerð. Baldur Helgi Benjamínsson boðaði forföll vegn anna við undirbúning fagþings og aðalfundar LK.

Dagskrá:

1. Fundarsetning
2. Ársskýrsla fagráðs í nautgripærækt starfsárið 2013-14
3. Yfirlit um starfsemi RML á sviði nautgripæræktar á árinu 2013
4. Yfirlit um starfsemi MAST á sviði nautgripæræktar á árinu 2013
5. Yfirlit um starfsemi Lbhí á sviði nautgripæræktar á árinu 2013
6. Önnur mál.

1. Fundarsetning.

Guðný Helga, formaður, setti fund og stýrði honum. Hún sagði að þetta væri í fyrsta skipti sem ársfundurinn væri haldinn á þennan hátt, þ.e. í tengslum við nýtilkomið fagþing nautgripæræktarinnar. Það væri nýr vettvangur sem spennandi yrði að sjá hvernig til tækist með.

2. Ársskýrsla fagráðs í nautgripærækt starfsárið 2013-14.

Guðný Helga fór yfir helstu störf fagráðs starfsárið 2013-14. Hún sagði kynbótastarfið hafa verið umfangsmikið í störfum fagráðs. Afkvæmadómi nauta fæddra 2006 var endanlega lokið á starfsárinu og besta nautið hefði verið valið Koli 06003 frá Sólheimum í Hrunamannahreppi. Viðurkenning yrði veitt á fagþinginu eftir hádegi. Að öðru leyti vísast til ársskýrslu fagráðs sem fer hér á eftir:

Ársskýrsla fagráðs í nautgripærækt starfsárið 2013-2014

Fagráð er skipað eftirfarandi aðilum:

Aðalfulltrúar:	Stuðningsfulltrúar:
Guðný Helga Björnsdóttir, LK, formaður	Baldur Helgi Benjamínsson, LK
Guðbjörg Jónsdóttir, BÍ	Þóroddur Sveinsson, Lbhí
Guðmundur Jóhannesson, BÍ, ritari	Björn S. Gunnarsson, SAM
Sigurður Loftsson, LK	Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir, RML
Þórarinn Leifsson, LK	Þorsteinn Ólafsson, MAST

Nokkrar breytingar urðu á skipan fagráðsfulltrúa. Fagráð er skipað til þriggja ára, fulltrúar LK í fagráði eru 3 Sigurður Loftsson og Þórarinn Leifsson og Guðný Helga Björnsdóttir. Fulltrúar BÍ eru 2, en það eru Guðmundur Jóhannesson og Guðbjörg Jónsdóttir. Nýskipað fagráð óskaði tilnefninga á

stuðningsfulltrúum til þriggja ára í fagráð frá Lbhí, SAM, RML og MAST, auk þess sem það óskaði eftir því að framkvæmdastjóri LK yrði áfram stuðningsfulltrúi.

Ársfundur fagráðs 2013 var haldinn á Gauksmýri í Húnaþingi vestra þann 18. apríl. Á starfsárinu hélt fagráðið 4 fundi auk ársfundarins.

Viðfangsefni fagráðs í nautgripærkt á milli ársfunda 2013 og 2014:

• Fagþing landbúnaðarins

- ✓ Fagráð tók jákvætt í hugmynd stjórnar LK um að tengja ársfund fagráðs við aðalfund LK. Fagráð taldi að möguleikar á framsetningu fagefnis fyrir nautgripærktina væru takmarkaðir þegar Fræðaðing landbúnaðarins er ekki lengur fyrir hendi. Ársfundir fagráðs hafa verið haldnir víða um land með ágætum erindum en einungis hafi bændur af nærsvæðunum sótt þá fundi. Með því að hafa fundinn í tengslum við aðalfund LK gæfist aðalfundarfulltrúum tækifæri á að sitja fundinn sem einnig yrði í beinni útsendingu á netinu.

• Ræktunarmál.

- ✓ Besta naut 2006 árgangsins var valið nautið Koli 06003 frá Sólheimum í Hrunamannahreppi. Ákveðið að veita verðlaun fyrir besta nautið framvegis á ársfundi fagráðs.
- ✓ 27 naut úr 2007 árgangnum komu til fullnaðardóms, 8 af þeim voru tekin til framhaldsnotkunar
- ✓ Rætt um dóma á mjöltum og skapi, hvernig hægt sé að koma þeim dómum meira á hendur bænda. Aðlaga þarf og forrita skýrsluhaldskerfið Huppu til að slíkt sé hægt. Samþykkt að RML í samstarfi við Lbhí vinni málið áfram.
- ✓ Veitt umsögn um hækkun á verði á nautkálfum inn á Nautastöð BÍ. Hækkunin er í samræmi við hækkun á mjólkurverði til bænda. Fagráð gerði ekki athugasemd við verðið.
- ✓ Gefin umsögn um fyrirspurn tölvudeildar BÍ um hvort möguleiki sé á að tvískipta árgjaldi fyrir Huppu eftir bústærð. Fagráð var ekki hlynt því.
- ✓ Rætt um frjósemismál. Fagráð taldi rétt að blása til sóknar og leita eftir samstarfi við Lbhí um þróun nýs kynbótamats fyrir frjósemi, sem verði samsettur eiginleiki úr fleiri þáttum en nú er, t.d. með upplýsingum úr sæðingunum.
- ✓ Ákveðið að hætta að dæma kvígur undan heimanautum enda nýttast þær upplýsingar sameiginlegu kynbótastarfi mjög takmarkað. Bændur geti þó fengið þær dæmdar gegn gjaldi.
- ✓ Fagráð fundaði með Ágústi Sigurðssyni, rektor Lbhí, um kynbætur íslenskra mjólkurkúa. Var m.a. farið yfir kynbótamat, kynbótaframfarir, útreikninga erfðastuðla og erfðafylgni kynbótaeinkunnna. Einnig voru rædd áhrif þess á kynbótaeinkunnir að hætta notkun „gamla“ dómskalans í kúaskoðun, en nota einungis línulega matið, taldi hann áhrifin óveruleg. Fagráð ræddi einnig við Ágúst gátlista fagráðs vegna hugsanlegs innskots nýs erfðaefnis í íslenska kúastofninn og þörf á að gera verndaráætlun fyrir íslenska kúakynið. Lbhí mun taka saman yfirlit um hvernig haga mætti innskoti erfðaefnis ef til kæmi.
- ✓ Ákveðið að hætta að nota „gamla“ dómskalann við kúaskoðanir. Gögn frá árinu 2000 verði notuð við vinnslu kynbótamats.

• Ályktanir sendar fagráði.

- *Ályktun frá aðalfundi LK 2013 um að nýta allar leiðir til að auka framfarir í stofninum og efla kynbótastarfið með því að efla ráðgjöf um frjósemi, hraða gerð þörunarforrits í Huppu, athuga hvort taka beri fituprósentuna inn í kynbótamatið, koma upplýsingum um hvaða ungnaut eru í notkun á hverju svæði hverju sinni, gera ætternisupplýsingar fyrir aðkeypta gripi aðgengilegar í Huppu, kanna kosti þess að nota gæðastýringargreiðslur til að auka þátttöku kúabænda í kynbótastarfinu og að tryggja að öll sæðingnaut komist í notkun á öllum svæðum landsins.*

Fagråd hefur látið gera gátlista um hugsanlegt innskot nýs erfðaefnis í íslenska kúastofninn og er Lbhí að taka saman yfirlit fyrir fagråd um hvernig haga mætti innskoti erfðaefnis ef til kæmi. Nautastöð BÍ hyggst ráða dýralækni til þess m.a. að auka ráðgjöf um frjósemi. Gerð þörunaráætlunar er á dagskrá við forritun Huppu en hefur því miður ekki fengið forgang, fagråd hefur lagt áherslu á það verkefni. Fagråd ákvað í kjölfar þessarar ályktunar að setja lágmörk á go í kynbótamati fyrir fituhlutfall hjá nautsmæðrum. Fagråd ákvað að láta skoða hvort hægt væri að gera áfyllingar í kúta frjótækna sýnilegri bændum, t.d. með tilkynningum í Huppu. Fagråd ákvað einnig að láta skoða hvort hægt væri að láta koma fram á beingreiðsluseðli ef skilyrði gæðastýringar væru ekki uppfyllt. Tryggt á að vera að öll sæðinganaut fari í notkun á öllum svæðum landsins.

- *Ályktun aðalfundar LK 2013 um að komið verði á fót hugmyndabanka um lokaverkefni frá Lbhí sem styrkhæf eru frá fagráði í nautgriparækt.* Fagråd telur þetta brýnt verkefni og hefur á undanförmum árum skoðað áherslur og forgangsverkefni í rannsóknum á sviði nautgriparæktar. Gunnfríður Elín tók að sér að vinna hugmyndabanka um lokaverkefni.
 - *Áskorun aðalfundar LK 2013 um að taka upp nýjar og betri aðferðir við mat á geðslagi kúa.* Verið er að vinna að nýju mati fyrir skap kúa, m.a. er BS-verkefni sem miðar að því að prófa nýtt mat á þessum eiginleika. Þróunarsjóður nautgriparæktarinnar styrkir það verkefni.
 - *Ályktun búnaðarþings 2013 um mikilvægi þess að meta leiðir til einfaldari og hagkvæmari rekstrar á kynbótastarfi í búffjarrækt, jafna aðstöðu og nýtingu á opinberum fjármunum á milli búgreina.* Guðmundur Jóhannesson og Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir unnu minnisblað með yfirliti yfir helstu þætti í ræktunarstarfi nautgriparæktarinnar, sem fagråd samþykkti eftir nokkra umræðu að senda til BÍ.
 - ✓ *Ályktun frá aðalfundi Sambands ungra bænda 2013 um að beita sér fyrir að hæð kúa verði tekin inn í kynbótaeinkunnina.* Fagråd var búið að ákveð að vinna skyldi kynbótamat fyrir hæð, en ekki er tímabært að taka slíkt mat inn í heildareiknunn þar sem ekki er langt síðan byrjað var að meta þennan eiginleika og gagnasafnið því tæpast orðið nógu stórt.
- **Nautakjötsframleiðsla.**
 - ✓ Fagråd kynnti sér helstu niðurstöður skýrslu starfshóps um eflingu nautakjötsframleiðslu á Íslandi. Þær eru:
 - *Þegar verði hafist handa um að skapa aðstöðu til þess að flytja inn nýtt erfðaeefni til innblöndunar í íslenska holdanautastofninn. Starfshópurinn telur að flytja eigi inn erfðaeefni af holdakyninu Aberdeen Angus og á síðari stigum verði kannaðir möguleikar á innflutningi á erfðaeefni Limousin gripa. Lagt er til að erfðaeefnið verði flutt inn frá Noregi í samvinnu við ræktunarfélög þar í landi.*
 - *Gerð verði ítarleg áhættugreining varðandi fyrirkomulag innflutnings á erfðaeefni. Sérstaklega verði skoðað hvort unnt verði að leyfa innflutning sæðis beint til einstakra bænda.*
 - *Kannað verði hvort unnt og þá hvernig sé að koma upp sérstöku ræktunarbúi til þess að framrækta Aberdeen Angus kynið og byggja upp hreinræktaðan stofn. Þar verði jafnframt aðstaða til sæðistöku til dreifingar gegnum Nautastöð BÍ til bænda.*
 - *Þegar verði hafinn undirbúningur að upptöku á nýju kjötmati, með það að markmiði að innleiðing þess geti hafist í ársbyrjun 2014. Yfirkjötmatið komi á fót samráðshópi reyndra kjötmatsmanna frá stærstu sláturleyfishöfunum. Nýtt kjötmat verði síðan framkvæmt samhliða eldra kjötmati fram til ársloka 2014 og þá taki EUROP kjötmat við.*
 - *Gerð verði úttekt á stöðu allra hjarða sem stunda nautakjötsframleiðslu sem aðalbúgrein og metið hvaða aðgerðir skila mestum árangri. Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins er hvött til þess að koma á laggirnar skipulagðri ráðgjafarþjónustu við nautakjötsframleiðendur.*
 - *Gerð verði gangskör að því að efla og bæta skýrsluhald í greininni og það verði gert að skilyrði fyrir því að fá innflutt erfðaeefni til notkunar í viðkomandi hjörð. Skýrsluhaldsforritið HUPPA verði aðlagð að þörfum nautakjötsframleiðenda.*

- ✓ Stjórn BÍ óskaði umsagnar frá fagráði um hvaða leið fagráð teldi að fara ætti varðandi innflutning holdanautaerfðaefnis. Jafnframt höfðu bændasamtökin óskað eftir því við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið að unnið yrði áhættumat fyrir valkostina í skýrslunni. Fagráð sendi stjórn BÍ eftirfarandi bókun:

Fagráð í nautgriparækt lýsir áhyggjum af þeirri stöðu sem framleiðsla nautakjöts í landinu er í og lýst er í skýrslu starfshóps um eflingu nautakjötsframleiðslu á Íslandi.

Fagráðið telur að innflutningur erfðaefnis sé forsenda þess að hægt sé að halda uppi sjálfbæru ræktunarstarfi í holdanautastofninum þannig að möguleiki sé á að auka magn, gæði og hagkvæmni íslenskrar nautakjötsframleiðslu og leggur því áherslu á að holdanautastofninn í landinu verði kynbættur með innflutningi erfðaefnis svo fljótt sem kostur er. Fagráð leggur jafnframt áherslu á að sú leið sem verði valin til að flytja inn erfðaeфni raski ekki dýraheilbrigði í landinu.

- **Mjólkurframleiðslan**

- ✓ Kynnt fyrir fagráði átaks- og þróunarverkefni RML í ráðgjöf til kúabænda. Kúabændur verða heimsóttir og farið yfir stöðu þeirra og möguleika á að auka framleiðslu með skömmum fyrirvara. Verkefnið mun í framhaldinu nýtast til frekari þróunar á almennri og sérhæfðri ráðgjöf til kúabænda.

- **Umsóknir í þróunarsjóð nautgriparæktarinnar.**

- ✓ *Umsókn frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Efling búrekstrar nautakjötsframleiðenda með markvissri ráðgjöf. Samþykkt að mæla með 2.372.000 króna styrk til verkefnisins. Fagráð mælti jafnframt með því að Framleiðnisjóður landbúnaðarins styrkti þetta brýna verkefni einnig. Fagráð telur verkefnið mikilvægt skref hjá RML að taka frumkvæði í málinu og að einum ábyrgðarmanni verði falið að bera ábyrgð á því. Einnig kom fram að fagráð sé þeirrar skoðunar að rannsóknir á nautaeldi skorti og að það hvetji Lbhí til að hafa frumkvæði að verkefni er varði þuleldi gripa til kjötframleiðslu.*
- ✓ *Umsókn frá Landbúnaðarháskóla Íslands vegna BS-verkefnis Hafþórs Finnbogasonar. Nýr dómskali fyrir mat á skapgerð íslenskra kúa. Samþykkt að mæla með styrk að upphæð kr. 100.000.*
- ✓ *Kynnt verkáætlun fyrir rannsóknaverkefni um útbreiðslu fláttu í íslenska kúastofninum frá Magnúsi B. Jónssyni. Fagráð telur verkefnið þarft og fagnar því að umsókn vegna þess sé væntanleg.*
- ✓ *Kynnt drög að verkefni til að finna út hámarksvaxtargetu íslenskra nauta til kjötframleiðslu. Verkefnisstjóri verður Þóroddur Sveinsson hjá Lbhí. Verkefnið fer af stað í kjölfar umræðu í fagráði um þörf á að vinna slíkt verkefni.*

- **Staða þróunarsjóðs nautgriparæktarinnar.**

- ✓ Nokkur vinna fór í að yfirfara verklagsreglur fagráðs með tilliti til athugasemda og fyrirspurna frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Túlkun á vanhæfisreglum var sérstaklega rædd.
- ✓ Til ráðstöfunar í árslok árið 2013 eru 19.851.124,- kr. en skuldbindingar sjóðsins eru 7.772.000,- kr.

Að lokum vil ég þakka öllum fagráðsmönnum og öðrum er að starfi fagráðs koma fyrir gott samstarf á starfsárinu.

3. Yfirlit um starfsemi RML á sviði nautgripæræktar á árinu 2013.

Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir fór yfir starfsemi RML á sviði nautgripæræktar á árinu 2013. Hún fór yfir skipurit RML og hvernig nautgripæræktarstarfið tengist öðrum fagsviðum innan RML. Hún renndi yfir umfang starfsins og helstu verkefni sem komið hafa á borð faghóðs nautgripæræktar. Þar má nefna kynbótastarfið, eins og kúaskoðanir, og nautaskjötsverkefnið sem Gunnfríður sagði að yrði kynnt frekar á fagþinginu á eftir. Hún nefndi einnig átaksverkefnið „Meiri mjólk“ þar sem völdum hópi bænda hefði verið boðin ráðgjöf til þess að auka mjólkurframleiðslu. Þetta verkefni er enn í gangi og frekari þróun.

Gunnfríður nefndi fóduráætlanagerð og fódrunarráðgjöf. Þar væri eftirspurnin mikil og kannski meiri en RML gæti sinnt fullkomlega í augnablikinu en leita þyrfti leiða til þess að efla þann þátt enn frekar.

Varðandi jarðrækt sagði Gunnfríður kúabændur vera þann hóp sem leitaði hvað mest til RML. Þar væri um ýmiss konar ráðgjöf að ræða s.s. kornrækt, kal í túnum, skurðamælingar, jarðvinnslu og val á jarðvinnslutækni.

Gunnfríður sagði mikla eftirspurn meðal kúabænda varðandi bótækni og þar hefði RML ekki getað annað eftirspurn. Þar væri þó ætlunin að spýta í lófana.

Rekstrarráðgjöf á sviði nautgripæræktar er umfangsmikil og felst einkum í rekstraráætlanagerð, aðstoð vegna skuldamála og uppbyggingar á greiningartólum.

Gunnfríður sagði árið 2013 hafa verið nýtt til þess að kortleggja vinnu og greina verkefnaþörf. Fyrir dyrum stæði þróun á ráðgjöf sem nýttist kúabændum vel í sínum rekstri og fá fleiri ráðunauta innan RML í verkefni tengd nautgripærækt.

4. Yfirlit um starfsemi MAST á sviði nautgripæræktar á árinu 2013.

Þorsteinn Ólafsson fór yfir helstu verkefni MAST á sviði nautgripæræktar á árinu 2013 auk þess að skila inn skrifaðri skýrslu sem fer hér á eftir:

Sérgreinaðýralæknir nautgripa- og sauðfjársjúkdóma

Ársskýrsla 2013

Nautgripir

Fjöldi nautgripa á landinu öllu var samkvæmt vorskýrslum 2013:

Um-dæmi	Fjöldi	Mjólkur-kýr	Holdakýr til undan-eldis	Kelfdar kvígur	Geldneyti eldri en 1 árs	Kvígur yngri en 1 árs	Naut yngri en 1 árs	Bú með mjólkur-kýr	Bú með holdakýr og ekki mj.kýr	Bú með geldneyti og engar kýr
SV	1.260	328	219	124	270	233	86	10	3	0
V	10.770	3.854	238	968	2.704	1.608	1.398	131	8	12
NV	10.853	3.722	410	1.000	2.608	1.717	1.396	110	24	15
NA	16.315	5.987	226	1.660	4.032	2.521	1.889	162	13	11
A	4.638	1.525	33	320	1.288	719	753	49	8	13
S	27.677	9.345	593	2.703	7.588	3.953	3.495	244	27	24
Samtals	71.513	24.761	1.719	6.775	18.490	10.751	9.017	706	83	75

Mjólkurkúm fækkaði um 900 milli ára en holdakúm fjölgaði um 80. Samtals fækkaði nautgripum um 1.260 frá vorskýrslum 2012.

Sjúkdómar

Sýnatökum vegna smitandi barkabólgu í nautgripum á Egilsstaðabúinu og Fljótsbakka á Héraði lauk á árinu. Tilraunastöð Háskóla Íslands á Keldum reyndi að einangra smitefnið í sýnum úr 17 gripum sem var slátrað, og tókst að finna vísbendingar um smitefnið, en ennþá hefur ekki tekist að greina það fullkomlega.

Tekin voru 78 blóðsýni á Fljótsbakka í ágúst og 151 sýni á Egilsstaðabúinu í september. Ekki mældust mótefni gegn IBR/IPV í þessum sýnum og í kjölfar þess var öllum hömlum aflétt af búunum.

Ekki er ljóst hvernig þessi sýking hefur borist inn í landið. Sýkingin var eingöngu á Egilsstaðabúinu nema ein kýr á Fljótsbakkasem hafði komið nokkrum mánuðum áður frá Egilsstaðabúinu. Ýmislegt bendir til þess að smitið hafi komið inn á Egilsstaðabúinu um eða fyrir 2007. Eftir það hafi sýkingin haldist við. Allar kýrnar sem voru fæddar fyrir 2008 og voru enn á lífi mældust með mótefni og yngsta kýrin með mótefni var fædd 2010. Hins vegar lítur út fyrir að sýkingin hafi ekki verið mjög smitandi eftir að hún kom að Egilsstöðum og greinilega barst hún ekki með fólki á milli bóa.

Á árinu 2012 var skimað eftir smitandi barkabólgu IBR/IPV á öllum búum með mjólkurframleiðslu á landinu og nokkrum búum sem eingöngu eru með nautakjörsframleiðslu, engin mótefni mældust fyrir utan sýnanna sem að ofan greinir. Á árinu 2013 var skimað eftir sýkingunni á sjö kjötframleiðslubúum í viðbót og ekkert þeirra mældist með mótefni.

Á árinu var skimað eftir smitandi hvítblæði, Salmonella Dublin og Q-hitasótt á 70 búum, smitandi fósturláti (B. abortus) og smitandi barkabólgu í 36 kúm á 7 kjötframleiðslubúum. Rannsókuð voru sýni úr 77 kúm á 38 búum í leit að kúariðu, sjá niðurstöður í kaflanum um skimanir smitsjúkdóma.

Við rannsókn á blóðsýnum úr 69 kúm á einu búi vegna fyrirhugaðrar sölu reyndust 13 vera jákvæðar með tilliti til garnaveiki. Öllum kúnum var slátrað vegna þess að verið var að leggja af búskap á jörðinni og ekki var leyfð sala á kúnum vegna niðurstöðu blóðsýnanna. Þegar garnirnar úr þessum 69 kúm voru rannsakaðar á Keldum eftir slátrun fundust engar vísbendingar um garnaveiki í þeim. Þetta vekur spurningar um áreiðanleika þeirra prófa sem notuð eru til að skima eftir garnaveiki.

Á einu búi vartilkynnt um torkennileg útbrot á spenum og júgri. Svo virtist sem um eins konar faraldur væri að ræða og olli kúnum verulegum óþægindum. Hins vegar gekk þetta yfir á hálfum mánuði og nákvæm sýnataka og sýklaleit á Keldum bar engan árangur. Fyrirspurnir um hvort svona hafi sést á öðrum búum bentu til þess að svo hefði ekki verið.

Velferð

Viðhorf til aðbúnaðar og velferðar nautgripa og búfjár yfirleitt hefur breyst á undanförunum misserum. Í nýjum fjósum er undantekningarlaust gert ráð fyrir að kýrnar gangi lausar og að þær hafi legurými. Líklegt er að ný reglugerð um aðbúnað kveði á um að allar kýr verði í lausagöngufjósum eftir einhvern tiltekinn árafjölda. Þá þykir einnig sjálfsagt í nýjum fjósum að kvígur í uppeldi hafi aðgang að sérstöku legusvæði.

Helstu vandamál vegna velferðar nautgripa í fjósum eru að þrennum toga. Ennþá eru mörg básafjós með innréttingar sem standast ekki ákvæði gildandi reglugerðar, sem þó er áratuga gömul. Helst er að jötugrindur og bindingar eru þannig gerðar að kýrnar geta ekki hreyft sig á viðunandi hátt, jötukantur er of hár og herðakambslá er of lág. Þá eru básar of stuttir í mörgum fjósum.

Klaufhirðu nautgripa er tíðumábótavant, en það hefur þó færst í betra horf með tilkomu sérstakra klaufskurðarmanna sem fara á milli búa með góðan útbúnað til klaufskurðar.

Vandamál vegna velferðar nautgripa er einnig varðandi aðbúnað við kjötframleiðslu. Á árinu 2010 rannsakaði nemandi Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, Anna Lóa Sveinsdóttirnokkur bú og niðurstöður hennar voru að á 22 búum stóðust aðeins 60% af stíunum mál varðandi rými á gripum og aðeins 54% af stíunum voru með viðunandi brynningu. Undantekning var að gripirnir hefðu aðgang að sérstöku leguplássi. (Anna Lóa Sveinsdóttir, Aðbúnaður og vöxtur nautgripa til kjötframleiðslu, MS-ritgerð, Landbúnaðarháskóli Íslands, Auðlindadeild, 2010). Hætt er við að með meiri ásetningi kálfa til kjötframleiðslu aukist enn þrengslin í uppeldi og því ástæða til að hafa vakandi augu með þessum þætti.

Sérgreinadýralæknir nautgripasjúkdóma var formaður starfshópsá vegum Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins sem vann að nýrri aðbúnaðarreglugerð fyrir nautgripi. Með honum í starfshópnum var einn fulltrúi frá Dýraverndarsambandi Íslands og einn fulltrúi frá Landsambandi kúabænda. Tillögu að nýrri reglugerð um velferð nautgripa hefur verið skilað til ráðuneytisins.

Önnur störf

Sérgreinadýralæknir nautgripasjúkdóma er áheyrnarfulltrúi Matvælastofnunar í fagráði í nautgriparækt og sat nokkra fundi þess. Hann er í stjórn NKVet sem er samstarfsvettvangur dýralæknastofnana og dýralæknafélaga á Norðurlöndum um ráðstefnuhald. Að þessu sinni var ráðstefnan haldin í Reykjavík 13. – 14. maí og var titill hennar „Mastitis- new knowledge on diagnostics and control on modern dairy farms“. Faglegur formaður var Grétar Hrafn Harðarson.

Auk þess sem hér kemur fram nefndi Þorsteinn að nú væri því hótað af OIE að Ísland yrði tekið af lista yfir vottuð lönd frí við kúariðu. Ástæðan væri sú að sýnataka úr gripum sem dræpast heima búum væri ónóg.

5. Yfirlit um starfsemi Lbhí á sviði nautgriparæktar á árinu 2013.

Þóroddur Sveinsson fór yfir helstu verkefni Landbúnaðarháskólans á sviði nautgriparæktar á árinu 2013.

Jarðrækt

Árlega er gefið út ritið „Jarðræktarrannsóknir“ og það birtist í ritröð Lbhí. Þar má sjá yfirlit yfir tilraunir og verkefni í jarðrækt ásamt niðurstöðum viðkomandi árs.

Ritið Jarðræktarrannsóknir 2012 kom út í mars 2013 og er nr. 44 í ritröð Landbúnaðarháskólans. Ritið Jarðræktarrannsóknir 2013 er nú nánast fullbúið og mun koma út í apríl á þessu ári. Ritin eru aðgengilegt á heimasíðu Lbhí.

Áburður

Verkefnisstjórar Ríkhildur Brynjólfsson og Þóroddur Sveinsson.

Enn er haldið við gömlum og gagnmerkum áburðartilraunum á Hvanneyri. Gerðar hafa verið stakar tilraunir til að fást við staðbundin vandamál. Unnið er að tilraunum með nýtingu búfjáráburðar og nýtingu moltu í túnrækt og kornrækt. Farið er af stað stórt rannsóknarverkefni sem nefnist Áhrif ræktunarkerfa á jarðveg og uppskeru og fjallar um samanburð á lífrænni ræktun og hinni hefðbundnu.

Túnrækt

Verkefnisstjórar Guðni Þorvaldsson, Áslaug Helgadóttir og Þóroddur Sveinsson.

Á árinu var gerð lokaúttekt á viðamikilli tilraunaröð með samanburð yrkja af flestum tegundum túngrasa. Þær tilraunir voru gerðar í nánast öllum sýslum landsins og eins á Grænlandi, Færeyjum, Norður-Noregi og Norður-Svíþjóð og eru frá árinu 2009. Sáð var í aðra röð tilrauna af svipaðri gerð, en ekki eins víðtæka, árið 2012, unnið var við þá tilraunaröð á árinu. Tilraun með samanburð á hreinum tegundum og blöndum – með og án smára – var í vinnslu á Möðruvöllum. Á Korpu voru gerðar tvær tilraunir með fjölært rýgresi í samvinnu við háskóla og kynbótafyrirtæki á Norðurlöndum.

Smári

Verkefnisstjórar Áslaug Helgadóttir og Guðni Þorvaldsson.

Mismunandi yrki af smárategundunum eru reynd í sömu tilraunaröðum – 2009 og 2012 – og yrki og tegundir af túngrösum. Þeirra er getið hér að framan. Eins er enn unnið við rannsóknarverkefnið Smárablöndur og áhrif nituráburðar frá 2008. Og á Korpu er unnið að viðmikilla rannsókn á blöndum grastegunda með og án smára frá 2011.

Korn

Verkefnisstjórar Jónatan Hermannsson, Áslaug Helgadóttir, Þóroddur Sveinsson, Jón Hallsteinn Hallsson og Magnus Göransson.

Unnið er að nokkrum verkefnum í kornrækt um þessar mundir. Stærst þeirra er verkefnið Kornrækt og kornkynbætur. Í því verkefni var sáð í tilraunir á fjórum stöðum á landinu, eins og mörg ár áður. Fór þar saman prófun á byggyrkjum þeim sem eru á markaði og prófun á kynbótaefniviði frá Korpu.

Annað verkefni er Samþætting þekkingar frá akri og rannsóknastofu til byggkynbóta. Það er samvinnu-verkefni kynbótafyrirtækja á Norðurlöndum og háskóla í viðkomandi löndum. Efniviður frá öllum þátttakendum er prófaður við mismunandi aðstæður, þar með talið á Korpu.

Þriðja verkefnið er Sameindakynbætur í byggi, doktorsverkefni Magnúsar Göranssonar, og fjallar um skrásetningu ýmissa erfðavísa í byggi með því að fylgja eftir víxlunum ólíkra yrkja.

Fóðurfræði

Markvissari fóðrunarleiðbeiningar til mjólkurframleiðenda samantekt á rannsóknaniðurstöðum úr íslenskum tilraunum með mjólkurkúr

Verið að vinna að skýrslu um verkefnið. Gögnin eru nýtt samhliða í átgetu- verkefni sem enn er ólokið og er hluti af ástæðunni fyrir því að útgáfa skýrslunnar hefur dregist.

Verkefnisstjóri: Jóhannes Sveinbjörnsson.

Styrkt af próunarsjóði nautgriparæktar

MS-verkefni

Áhrif jarðvinnsluaðferða á vöxt og uppskeru byggs í Skagafirði

Þórarinn Leifsson

Leiðbeinendur: Jónatan Hermannsson og Þóroddur Sveinsson

Þessu verkefni eru gerð nánar skil í Jarðræktarrannsóknum Lbhf 2013.

Átgeta íslenskra mjólkurkúa

Lilja Dögg Guðnadóttir

Tilraun sem er í gangi á Stóra- Ármóti veturinn 2013-14 (byrjaði raunar veturinn 2012-13). Tilraunameðferðir í vetur: 2 fóðrunarstig með heilfóðri, 1 með aðskilinni fóðrun. Verkefninu er ætlað að skila gögnum sem notuð verða til að betrubæta spálíkingar um át fyrir íslenskar kýr í Norfor-fóðurmatskerfinu.

Leiðbeining og skipulag: Grétar H. Harðarson og Jóhannes Sveinbjörnsson.

Samstarf: Harald Volden, UMB.

Styrkt af próunarsjóði nautgriparæktar

BS-verkefni

Efnainnihald og nýting á hálbundnu taði

Guðrún Jónsdóttir

Kortlögð var nýting á hálbundnu taði á 14 bæjum á Norðausturlandi vorið og sumarið 2012. Tekin voru 34 hálmtaðssýni undan kindum, geldneytum, mjólkur-kálfum og blönduðum bústofni og þau efnagreind. Verkefninu lauk með BS ritgerð vorið 2013.

Leiðbeinandi: Þóroddur Sveinsson

Samanburður á meðalefnainnihaldi hálmtaðs undan geldneytum og sauðfé



	Geldneyti (n=12)	Sauðfé (n=19)	MS error	P-gildi	
Þurrefni, %	26,6	30,7	5,900	0,073	e.m.
Heildar N í þ.e., %	3,2	3,7	0,600	0,034	*
NH ₄ -N af heildar N, %	23,6	24,0	13,200	0,936	e.m.
Ca, g/kg þ.e.	11,3	11,3	3,429	0,989	e.m.
Mg, g/kg þ.e.	5,5	6,9	1,657	0,028	*
K, g/kg þ.e.	22,9	34,0	9,472	0,003	**
Na, g/kg þ.e.	3,8	4,0	1,940	0,787	e.m.
P, g/kg þ.e.	4,1	6,5	1,789	0,001	**
S, g/kg þ.e.	3,8	5,0	1,230	0,013	*
Ca/P	2,6	1,8	0,590	<0,001	***

Áburðargildi moltu í túnrækt

Hermann Ingi Gunnarsson

Gerðar voru 3 tilraunir með moltu sem áburð í túnrækt á Möðruvöllum. Verkefnalýsingu er að finna í Jarðræktarrannsóknnum 2012. Verkefninu lauk með BS ritgerð vorið 2013

Leiðbeinandi: Þóroddur Sveinsson



Samhengi milli þunga og brjóstummáls íslenskra nautgripa.

Ragnhildur Anna Ragnarsdóttir (maí 2013)

Leiðbeinendur: Jóhannes Sveinbjörnsson Lbhí og Berglind Ó. Óðinsdóttir RML.

Át geldneyta á Íslandi borið saman við áætlað át í NorFor.

Sigríður Guðbjartsdóttir (maí 2013)

Leiðbeinendur: Jóhannes Sveinbjörnsson Lbhí og Berglind Ó. Óðinsdóttir RML.

Rannsóknastofur

Verkefni í kalstofu á Möðruvöllum

Gerðar voru frystitilraunir á tveimur yrkjum af rýgresi (Riika og Fagerlin) og tveimur af rývingli (Perseus og Fox) í norræna verkefninu NOFOCGRAN. Plöntur voru teknar úr tilraun á Korpu, þær fluttar í Möðruvelli og frostþol mælt. Mæling var gerð 29. nóvember 2012, 18. janúar og 6. mars 2013. Plönturnar voru frystar allt frá -5°C til -20°C og lifun metin á skalanum 0-5. (BEG)

Verkefni í fræstofu á Möðruvöllum

Prófanir eru gerðar til að votta spírunarhæfni og hreinleika sáðvöru sem framleidd er hér á landi og ætluð til sölu eða á innfluttri sáðvöru sem hefur úrelt gæðavottorð. Samtals voru þetta 72 próf 2013. Einnig er nokkuð um að kornbændur óski eftir spírunarprófunum á heimaræktuðu sáðkorni. Spírun íslenska kornsins var frá 21-90% (uppskera 2012).

Efnagreiningastofur Hvanneyri/Keldnaholt

Þjónustuefnagreiningar fyrir bændur og starfsmenn Lbhí (rannsóknaverkefni)

- Hey
- Áburður
- Jarðvegur

Búrekstur og rannsóknastarf Stóra Ármóti

Sjá skýrslu Grétars Hrafns Harðarsonar: Stóra Ármót – búrekstur og tilraunastarf árið 2013

Nautgriparæktaráfangi í BS-námi í búvísindum við Lbhí

Valáfangi, kenndur á hverju ári síðan 2011. Helstu efnisþættir:

Umsjón með námskeiði, fódrun ungvíðis, fódrun mjólkurkúa, fóduröflun og rekstur – Jóhannes Sveinbjörnsson Lbhí

Almennt um nautgriparækt, kynbætur nautgripa: Emma Eypórsdóttir Lbhí

Heilsufar, aðbúnaður – Grétar Hrafn Harðarson, Lbhí

Framkvæmd ræktunarstarfs, kúadómar: Guðmundur Jóhannesson RML

Fóðuráætlanir – Norfor – Berglind Ósk Óðinsdóttir RML

Útgefið búfræðilegt efni (ÞS)

Sveinsson Th. 2013. Short-term fertilizer values of spring applied cattle slurry on grass fields. Í: The Role of Grasslands in a Green Future - Threats and Perspectives on Less Favoured Areas. Proceedings of the 17th Symposium of the European Grassland Federation, Akureyri, Iceland 23-26 June 2013. Agricultural University of Iceland. s 126-128.

Þóroddur Sveinsson 2012. Aukum nautakjötsframleiðsluna – með sterkara eldi má ná fram meiri framlegð. Bændablaðið, 23. tölublað, 18. árg. (2012), s 28.

Egill Gunnarsson, Þóroddur Sveinsson og Jónatan Hermannsson 2013. Skiptir sáðmagn máli? Bændablaðið 7. tölublað 19. árgangur, s 50.

Þóroddur Sveinsson 2013. Ræktun nýrra og óhefðbundinna nytjajurta 2012. Vettvangsskýrsla og samantekt. Skýrsla til Félags áhugamanna um ræktun framandi nytjaplantna. Landbúnaðarháskóli Íslands, 10 síður.

Skýrslur til Matvælastofnunar, kornbænda og fræsöluaðila um niðurstöður gæðaprófana á sáðvörusýnum. Samtals 96 prófanir og 10 skýrslur.

Búfræðierindi og námskeið ÞS (fyrir utan reglulega kennslu við Lbhí)

Fóðrun nautgripa til kjötframleiðslu. Nautgriparæktarskóli Búgarðs 7. og 8. nóvember 2012 á Húsavík og Akureyri.

Viðbrögð við kali í Eyjafirði 2013. Erindi á Bændafundi í Garði Eyjafjarðarsveit, 11. febrúar 2013.

Hagkvæm nautakjötsframleiðsla. Endurmenntun Lbhí á Stóra Ármóti 14. mars 2013.

Fóðrun og aðbúnaður nautgripa til kjötframleiðslu. Námskeið á Löngumýri í Skagafirði 9. apríl 2013.

Að beita eða ekki beita - er það einhver spurning? Veffyrirlestur á naut.is, maí 2013.

Íslensk nautakjötsframleiðsla. Veffyrirlestur á naut.is, október 2013.

Nýting moltu í ræktun. Erindi á Bændafundi í Garði Eyjafjarðarsveit, 25. nóvember 2013.

Ráðstefnur

The Role of Grasslands in a Green Future

Threats and perspectives in less favoured areas

17th EGF Symposium 2013 23-26 June, Hof Conference Centre, Akureyri, Iceland

6. Önnur mál.

Örlítill umræða varð um áhættumat MAST vegna innflutnings á erfðaefni í holdanautastofninn.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Guðný Helga Björnsdóttir

Guðmundur Jóhannesson

Guðbjörg Jónsdóttir

Sigurður Loftsson

Þórarinn Leifsson